

6. gr.

52

Sjóðurinn skal ávaxtast í sparisjóði Ólafsfjarðar eða öðrum jafntryggum sjóði, að álit stjórnarinnar. 30. apríl

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri, oddviti og sóknarprestur í Ólafsfjarðarhreppi og skulu þeir allir sjálfkjörnir. Formaður sjóðsins skal vera hreppstjóri, og annast hann reikningshald sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar birtir á hreppsfundi ár hvert, endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninganna.

8. gr.

Formaður sjóðsins skal geyma eignaskilríki hans og önnur skjöl. Hann skal og halda gerðabók um styrkbeiðnir og styrkveitingar og skulu reikningar innfærðir í þá bók.

9. gr.

Tilgangi sjóðsins má breyta, ef að meiri hluti sjóðsstjórnarinnar og hreppsnefndar samþykkir.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ólafsfirði, 21. marz 1931.

Helgi Árnason.

María Torfadóttir.

Þorvaldur Friðfinnsson
f. h. fiskid. Ólafsfjarðar.

REGLUGERÐ

53

1. maí

um

breyting á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu, frá 8. ágúst 1921.

Aftan við fyrstu málsgreinar 9. greinar komi:

„eða fjártali forðagæzlumanna, enda sé þá fódurtökufénaður dreginn frá“. 37. grein breytist þannig: í stað orðanna: „2 fiskum“ komi: „1 fisk“.

Reglugerð þessi, sem sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. grein sveitarstjórnarlagana, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní þ. á.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. maí 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.